

Fjallabyggð
B.t. Írisar Stefánsdóttur
Skipulagsfulltrúa
iris@fjallabyggd.is

Dags. 29. febrúar 2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2022-0044

Með erindi dags. 15. febrúar sl. óskaði Fjallabyggð eftir umsögn Veðurstofu Íslands eftir upplýsingum um stöðu endurskoðunar á hættumati undir Strengsgili á Siglufirði.

Eins og bent er á í tölvupóstinum frá 15. febrúar, hefur dregist úr hömlu að fylgja eftir bréfi Veðurstofunnar til Fjallabyggðar um endurskoðun hættumats undir Strengsgili eftir snjóflóðin á Flateyri í janúar 2020. Þessi endurskoðun hefur tafist vegna þess að þróun nýs snjóflóðalíkans sem notað er við endurskoðunina hefur tekið lengri tíma en vonast var til. Líkanið er nú tilbúið og hefur verið keyrt fyrir þá varnargarða sem til stóð og taldir eru upp í bréfi Veðurstofunnar til Fjallabyggðar frá október 2020. Við stefnum að því að ljúka endurskoðun hættumats undir leiðigörðum neðan Strengsgilja á Siglufirði og við Hornbrekku á Ólafsfirði í vetur. Samkvæmt líkanreikningum getur verið hætt á einhverju yfirflæði yfir Stengsgilsgarðinn þó að í aðalatriðum virki hann eins og til er ætlast. Það kemur því til greina að B-línan undir garðinum færist neðar og einhver hús og lóðir við Suðurgötu verði á B-svæði. Væntanlega yrði þá í framhaldinu skoðað hvort bæta þurfi varnirnar á þessum stað vegna þessa.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði